



Þjónustu- og nýsköpunarsvið Reykjavíkurborgar
b.t. Óskar Jörgen Sandholt
Borgartún 12-14
105 Reykjavík.

Reykjavík 25. júní 2020
Tilv. R20010005

Ákvörðun nr. 1/2020

vegna tilkynningar um rafrænt mála- og skjalavörslukerfi, Hlaðan – GoPro Foris 19.1 hjá Þjónustu- og nýsköpunarsviði Reykjavíkurborgar (ÞON)

Samkvæmt lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn og reglum Þjóðskjalasafns Íslands, nr. 100/2014 um afhendingu á vörsluútgáfum gagna úr rafrænum gagnakerfum, er eftirfarandi ákvarðað:

1. Afmörkun

Ákvörðun þessi gildir fyrir rafræna mála- og skjalavörslukerfið Hlaðan – GoPro Foris 19.1 sem Þjónustu- og nýsköpunarsviði Reykjavíkurborgar (ÞON) notar fyrir málafund sviðsins.

2. Ákvörðun

Varðveita á gögn úr kerfinu og skal Þjónustu- og nýsköpunarsvið (ÞON) mynda vörsluútgáfu gagna úr Hlöðunni – GoPro Foris 19.1 og afhenda safninu í samræmi við reglur Þjóðskjalasafns Íslands 100/2014.

3. Afhending gagna sem skal varðveita

Fyrsta vörsluútgáfa skal innihalda gögn sem ná yfir tímabilið 8. júní 2020 til 6. júní 2022. Vörsluútgáfa gagna úr kerfinu skal afhent safninu fyrir 1. nóvember 2022 og eftir það skulu vörsluútgáfur vera myndaðar og afhentar eigi síðar en á 5 ára fresti.

4. Gildistaka

Ákvörðunin tekur gildi frá 8. júní 2020. Þjónustu- og nýsköpunarsvið (ÞON) skal veita aðgang að gögnum úr Hlöðunni – GoPro Foris 19.1 þar til þau hafa náð 30 ára aldri, eftir þann tíma veitir Borgarskjalasafn aðgang að gögnunum, sbr. 15. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn.

Ef Þjónustu- og nýsköpunarsvið (ÞON) skipuleggur stærri breytingar á starfsemi sinni eða ætlar að hætta notkun á Hlöðunni – GoPro Foris 19.1, skal tilkynna slíkt til safnsins.

Virðingarfyllst,

Svanhildur Bogadóttir

borgarskjalavörður